

## 18. gr.

Matsmenn skulu hafa eftirlit með því að kartöflur eða aðrir garðávextir séu eigi seldir ómetnir, sjá þó 11. gr. og skal þeim heimilt að skoða garðávaxtabirgðir verslana þegar þurfa þykir. Skylt er að láta matsmönnum í té upplýsingar og aðstoð við skoðunina.

## 19. gr.

Yfirmatsmaður garðávaxta annast útgáfu leiðarvísis um mat og flokkun á garðávöxtum. Skal þar lýst helstu afbrigðum kartafna, svo og kvillum og göllum sem koma til greina við flokkun garðávaxta.

Yfirmatsmaður skal gangast fyrir námskeiðum fyrir matsmenn þegar þörf er á og stuðla á allan hátt að því að flokkun og mat verði í sem bestu samræmi alls staðar á landinu.

## 20. gr.

Fyrir mat á kartöflum og öðrum garðávöxtum skal framleiðandi greiða sérstakt matsgjald er landbúnaðarráðherra ákveður. Framleiðsluráð landbúnaðarins annast innheimtu gjaldsins og greiðslu til matsmanna.

## 21. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot sektum nema þyngri refsing liggji við. Sektir renna í ríkissjóð.

## 22. gr.

Hagnaði þeim sem verða kann af rekstri Grænmetisverslunar landbúnaðarins skal verja til tryggingar rekstri stofnunarinnar og til eflingar matjurtaræktar í landinu, samkvæmt nánari ákvörðun landbúnaðarráðherra, að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

## 23. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum o. fl., nr. 95/1981.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 162/1962 og breyting á þeirri reglugerð nr. 287/1968.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. ágúst 1982.*

**Pálmi Jónsson.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í lögsagnarumdæmi Bolungarvíkur.

## 1. gr.

Búfjárhald (nautgripa, hrossa, sauðfjár, svína, geita og alifugla) er óheimilt innan lögsagnarumdæmis Bolungarvíkurkaupstaðar, nema með sérstöku leyfi bæjarstjórnar. Undanskilið er þó búfjárhald á lögbylisjörðunum, Ósi, Hanhóli, Miðdal, Geirastöðum og Þjóðólftungu, nema að því er sérstaklega er tekið fram í reglugerð þessari.

## 2. gr.

Sá er hyggst sækja um leyfi skv. 1. gr. skal senda um það umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjársins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru er máli kann að skipta.

Leyfisveiting fyrir hesta (og sauðfé) er háð því, að umsækjandi sé félagi í viðkomandi félagi (hestamanna eða búnaðarfélagins) og skal staðfesting um það fylgja umsókninni.

3. gr.

Telji bæjarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi til fjárhaldins getur hún veitt leyfið og bundið það við tiltekin hámarksfjölda. Veitt leyfi skuldbindur bæinn ekki til þess að sjá leyfishöfum fyrir beitolandi handa búfénu, né veita þeim aðra aðstöðu til búfjárhaldsins. Leyfið er veitt til óákveðins tíma, gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð gildandi reglugerð um búfjárhald á hverjum tíma og er það uppsegjanlegt með fyrirvara miðað við áramót.

4. gr.

Bæjarstjórn getur ákveðið, að greiða skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjaldið fyrir hvern grip sem leyfið er veitt fyrir, eða ákveðna upphæð fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Sá er fær leyfi til búfjárhaldsins samkvæmt reglugerð þessari skal hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu tjóni sem það kann að valda.

6. gr.

Leyfishafi er háður gildandi reglum um meðferð búfjár, ásetning og fjallskil. Gerist hann á einhvern hátt brotlegur við reglugerð þessa, lög eða reglur er snerta búfjárhald, má afturkalla leyfið, og skal þá landbúnaðarnefnd hlutast til um að búfé sé tekið úr vörslu eiganda og er heimilt að selja það á opinberu uppboði eða slátra því. Þannig má fara með búfé sem ekki hefur verið fengið leyfi fyrir.

7. gr.

Enginn má hafa búfé nema hann hafi yfir það hús sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber einn ábyrgð á því að hann hafi beitoland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

Útígangur búfjár á veturna eða útibeit er því aðeins heimil að búfé sé í öruggri vörslu innan svæðis þar sem búfjárhald er heimilt.

8. gr.

Eigendum sauðfjár er gert að greiða árlega gjald í bæjarsjóð, nefnt búfjárgjald. Ennfremur er þeim skylt að kosta fjallskil, svo og að greiða hagatoll ár hvert fyrir beit í landi bæjarins. Á sama hátt er eigendum hesta gert að greiða búfjárgjald fyrir hvern hest, svo og hagatoll, ef beit verður heimiluð í landi bæjarins.

Landbúnaðarnefnd gerir árlega tillögur til bæjarstjórnar um upphæð búfjárgjalds og hagatolls. Gjaldldagi verði 1. nóvember ár hvert. Búfjárgjaldið gildir fyrir komandi ár, en beitartollur fyrir liðið sumar. Veittur beitarréttur í landi bæjarins skuldbindur ekki bæjarsjóð til að koma upp girðingu um beitarlandið á sinn kostnað.

9. gr.

Búnaðarfélag Bolungarvíkur skal tilnefna trúnaðarmann, sem í samvinnu við landbúnaðarnefnd skal fylgjast með því að leyfður fjöldi sauðfjár sé í samræmi við veitt leyfi og að umsækjendur hafi hús og möguleika til fóðuröflunar og aðra nauðsynlega aðstöðu, svo og beitarland.

10. gr.

Bæjarstjórn skal láta gera búfjárhelda girðingu sem friði byggðasvæði það sem aðalSKIPULAG tekur til. Staðsetning og lega girðinga skal ákveðin samkvæmt tillögu landbúnaðar-

nefndar. Stofnkostnað við girðinguna skal skipt að hálfu milli bæjarsjóðs og jarðeiganda, þar sem lönd liggja saman.

## 11. gr.

Byggingar peningshúsa eru aðeins leyfðar á skipulögðum búfjársvæðum, sem bundin eru aðalskipulagi bæjarins. Byggingarnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um veitingu byggingarleyfa að fenginni umsögn landbúnaðarnefndar.

## 12. gr.

Bæjarstjórn getur lagt bann við öllu búfjánhaldi innan ákveðins svæðis bæjarlandsins er nái út fyrir skipulagt byggingarsvæði, ef ástæða þykir til.

Geymsla búfjár á erfðafestulöndum eða öðrum leigulöndum skal því aðeins heimil að girðingar umhverfis þau séu örugglega fjárheldar. Sama gildir um lögbýlisjardirnar.

## 13. gr.

Halda skal skrá um leigð lönd. Einstaklingum og félögum hesta- og fjáreigenda sem lönd hafa á leigu til grasnytja, skal skylt að viðhalda gróðri landsins og efla hann með áburðargjöf eftir þörfum. Leigutaki skal gæta þess að löndin verði aldrei ofbeitt. Landbúnaðarnefnd skal fylgjast með ástandi leigulanda.

## 14. gr.

Umsjón með jarðeignum bæjarins og vörslu bæjarlandsins skal heyra undir landbúnaðarnefnd, eða þann sem bæjarstjórn ákveður.

## 15. gr.

Landbúnaðarnefnd er ráðgefandi um jarðareignir bæjarins og annað er búfjánhald snertir. Hún skal gera tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu erinda um búfjánhald og leigur á löndum til beitar og ræktunar.

Nefndin skal skipuð 3 mönnum kosnum af bæjarstjórn til 4 ára í senn.

## 16. gr.

Landbúnaðarnefnd skal sjá um að fjallskil fari fram í samræmi við gildandi fjallskilareglugerð.

## 17. gr.

Allir þeir sem við gildistöku reglugerðar þessarar eiga eða hafa í umsjá sinni búfé sem, fellur undir reglugerðina, skulu innan 6 mánaða frá gildistöku hennar hafa tilkynnt um búfjánhald sitt, og sótt um leyfi, ella skoðast búfjánhald þeirra óheimilt.

Reglugerð þessi sem samín er og samþykkt af bæjarstjórn Bolungarvíkur staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44, 23. maí 1964, um búfjánhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. ágúst 1982.*

F. h. r.  
**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*